



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/801**  
**komudagur 5.12.2007**

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. efnahags- og skattanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík 3. desember 2007

0711358SA GB/gk  
Tilv.: 200

**Efni: Umsögn um breytingar á lagaákvæðum um almenningssamgöngur,  
23. mál**

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með bréfi dags. 13. nóvember 2007. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lagaákvæðum um almenningssamgöngur. Er annars vegar lagt til að gerð verði sú breyting á 1. mgr. 6. gr. laga um olíugjald og kílómetragjald að olíugjald verði að fullu endurgreitt þegar um er að ræða sveitarfélög og fyrirtæki sem reka almenningssamgöngur. Hins vegar er lagt til að lögum um virðisaukaskatt verði breytt þannig að sömu aðilar fái endurgreidda 2/3 hluta greidds virðisaukaskatts af nýjum almenningsvögnum.

Það hefur um langt skeið verið krafa Sambands íslenskra sveitarfélaga að minnka álögur á þau sveitarfélög sem reka almenningssamgöngur fyrir íbúa sína. Í frumvarpinu eru lagðar til afar mikilvægar breytingar fyrir sveitarfélögin, sem telja mikilvægt að ríkisvaldið styðji miklu betur við almenningssamgöngur en verið hefur.

Samband íslenskra sveitarfélaga leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræðisviðs